

Amerískir dagar



Ljóshöfðaönd á Seltjarnarnesi

Apríl mánuður hefur verið all sérstakur hvað varðar flækingsfugla hér á landi og er óhætt að segja að um Ameríska daga hafi verið að ræða því lítið sem ekkert hefur sést af Evrópskum flækingsfuglum í mánuðinum en óvenju mikið hefur borið á Amerískum fuglum. Þetta byrjaði allt með því að **hláturmáfur** fannst í Hafnarfirði þann 7. og sást sá fuglinn þar til 12. sjá <http://www.hi.is/~yannk/laratr06.html>.

Allan apríl hafa sést **Ljóshöfðaendur** (karlfuglar) á hefðbundnum stöðum á suðvesturlandi. Meðan menn voru að leita hláturmáfsins í Hafnarfirði fannst máfur sem greindur hefur verið sem **norðmáfur** en þeir eru torgreindir frá **vestrænum bjartmáfum**. Fuglinn er fullorðinn fugl og tók Yann Kolbeinsson góðar myndir af honum, sjá <http://www.hi.is/~yannk/thayeri06.html>.



Kanaduðra á Seltjarnarnesi



Amerískur silfur máfur á Höfn

Kanaduðra fannst á Seltjarnarnesi 10. og er þar enn þetta er 5. fuglinn sem finnst hér á landi. **Amerískur silfur máfur** fannst 12. við Ósland á Höfn og sást þar næstu daga eða til 22., næstu daga á eftir fundust svo

2 fuglar til viðbótar

sem greindir voru sem amerískir silfur máfar við Höfn. **Brúðönd** kk fannst á Snæfellsnesi 17. og er þetta 6. fuglinn sem finnst hér á landi, brúðendur eru algengar í fuglagörðum í Evrópu en fuglar sem sjást á suðvetur og vesturlandi eru nú mjög líklega fuglar frá Ameríku, fuglinn er enn á sama svæði. Næstu fuglar sem ættaðir eru frá Ameríku en koma nú líklega frá Evrópu með Íslenskum farfuglum fundust í Nesjum í



Brúðönd á Snæfellsnesi

Hornafirði 22. en það voru lítil **kanadagæs** og **blágæs** (afbrygði snjógæsar). Lítil kanadagæs fannst svo aftur þann 23. við Fagurhólsmýri í Örafum og gæti hugsanlega verið um sama fugl að ræða og í Nesjum, sjá http://www.hi.is/~yannk/myndir/rarity/yk_brahut230406.jpg.



Hringönd á Baulutjörn á Mýrum



Stúfgoði á Suðausturlandi



Hringmáfur á Hellissandi

Hringönd karlfugl fannst á Baulutjörn á Mýrum 23. en hringandarsteggur og blendingur hringandar og skúfanadar hafið fundist á Elliðavatni við Reykjavík fyrr í vetur. 24. sáust 11 kanadagæsir á flugi utan við Óshlíða við Bolungarvík og **rákönd** fannst í Önundarfirði. Sama dag sást hringmáfur í Grafarvogi í Reykjavík. Annar hringmáfur nú fullorðinn fugl var á Bakkatjörn á Seltjarnarnesi 25. en fuglinn sem sést hefur í Grafarvogi er 2. sumars fugl.

Stúfgoði fannst á Baulutjörn á Mýrum í Hornafirði 26. og er þetta annar fundur stúfgoða í Austur-Skaftafellssýslu og annar fuglinn sem fundist hefur á landinu, sá fyrsti fannst í október 1976 á Kvískerjum í Örafum, hringöndin var enn á tjörninni. Stúfgoðinn sást í um 30 mínútur en hefur ekki fundist aftur þrátt fyrir mikla leit.

Sama dag fannst

rákönd á Skógtjörn á Álftanesi.

Önnur brúðöndin fannst svo í Kjósinni 27. þetta var karlfugl eins og fuglinn á



Hláturmáfur í höfninni á Rífi

Snæfellsnesi. Fullorðinn hringmáfur fannst 28. á Hellissandi á Snæfellsnesi og hringmáfurinn var

enn í Grafarvogi. Síðustu tveir dagar aprílmánaðar voru sérstaklega áhugaverðir, þann 29. var

hringmáfurinn en á Hellissandi og fullorðinn Hláturmáfur fannst á Rífi. Síðasta dag mánaðarins mátti sjá brúðönd, ljóshöfðaönd, 2-3 rákendur og hringandarpar á Snæfellsnesi og rákönd í Garði. Eins og sjá má á þessu hefur verið all mikið af Amerískum flækingsfuglum nú í apríl en einnig hefur nokkuð borið á vestrænum bjartmáfum og brúnöndin í Garði hefur sést. Eins og sjá má af þessu hefur verið all nokkuð Amerískt yfir að líta í flækingsfuglalífi landsins, líklegt er að eitthvað vanti nú inn í þessa samantekt.

Brynjúlfur Brynjólfsson